

**Sp.**

**43. Tillaga til þingsályktunar**

[42. mál]

um áætlun um opinberar framkvæmdir í Suðurlandskjördæmi.

Flm.: Ingólfur Jónsson, Ágúst Þorvaldsson, Guðlaugur Gíslason,  
Björn Fr. Björnsson, Garðar Sigurðsson, Steinþór Gestsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa áætlun til langs tíma um opinberar framkvæmdir fyrir Suðurlandskjördæmi. Verk þetta verði unnið í náinni samvinnu við Samtök sveitarfélaga í Suðurlandskjördæmi.

Greinargerð.

Í Suðurlandskjördæmi eru 37 sveitarfélög:	
7 sveitarfélög í V-Skaftafellssýslu með .....	1 393 íbúa
11 sveitarfélög í Rangárvallasýslu með .....	3 199 —
18 sveitarfélög í Árnessýslu með .....	8 274 —
Vestmannaeyjakaupstaður með .....	5 186 —
37 sveitarfélög með samtals .....	18 052 íbúa

Þessi sveitarfélög eru svo til öll í Samtökum sveitarfélaga í Suðurlandskjördæmi. En markmið samtakanna er m. a. að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum á sviði opinberra framkvæmda. Á undanförunum árum hafa átt sér stað miklar framfarir í kjördæminu, bæði á sviði opinberra framkvæmda: vegamál, hafnamál, skólamál, orkumál, og nefna má sérstaklega hið mikla mannvirki, sem er vatnsveita fyrir Vestmannaeyjakaupstað. Jafnframt hefur átt sér stað geysileg uppbygging atvinnulífs á svæðinu, svo sem í landbúnaði, fiskvinnslu o. fl. Árangurinn sést n. a. á því, að svæðið hefur ekki þurft að sjá á eftir fólki til þéttbýlisstaðanna við Faxaflóa, því að í stað þeirra, sem flutzt hafa burt, koma nærri því jafnmargir annars staðar að. Þessi þróun er mjög frábrugðin því, sem átt hefur sér stað í öðrum landshlutum. Engu að síður eru nú fjölmörg verkefni óleyst. Það eru einkum verkefni, er snerta hinar félagslegu hliðar, sem nauðsynlegt er að beita sér að. Má þar nefna jöfnun aðstöðunnar milli þéttbýlisstaðanna og sveitanna, svo sem varðandi skólamál, heilbrigðisþjónustu, orkudreifingu, samgöngumál, þ. m. t. vegamál, fjarskiptaþjónustu og hafnamál.

Samtök sveitarfélaga í Suðurlandskjördæmi voru stofnuð fyrir þremur árum. Það varð þó ekki fyrr en á þessu ári, sem samtökin tóku til starfa. Samtökin hafa ráðið til sín framkvæmdastjóra frá næstu áramótum og munu opna skrifstofu frá þeim tíma.